

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

NÍÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM SKÍÐASVÆÐI Í TINDASTÓLI, SKAGAFIRÐI

1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar uppbyggingu skíðasvæðis í Ytridal í Tindastóli í Skagafirði samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili: Sameinað sveitarfélag í Skagafirði.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Uppbygging skíðasvæðis í Ytridal í vesturhlíðum Tindastóls í Skagafirði. Staðsetning skíðaskála, áhaldahúss og lyftumannvirkja auk bílastæða og vegslóða.

Markmið framkvæmdar: Að bæta aðstöðu Skagafirðinga til skíðaiðkunar.

Frumathugun: Þann 5. júlí 1998 tilkynnti sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 29. júlí 1998 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og þann 30. júlí 1998 í Sjónhorninu, Sauðárkróki. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 29. júlí til 2. september 1998 á skrifstofu sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði, í Þjóðarbókhúðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Engin athugasemd barst á kynningartíma. Leitað var umsagnar sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði, Náttúruverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Veðurstofu Íslands. Jafnframt var framkvæmdin kynnt veiðimálastjóra og Þjóðminjasafni Íslands.

Gögn lögð fram við frumathugun:

Frummatsskýrsla: Skíðasvæði í Tindastóli. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. ARKITEKTÁRNI, júní 1998.

Önnur gögn: Svör við umsögnum og fyrirspurn Skipulagsstofnunar, ARKITEKTÁRNI, dags. 14 september 1998.

2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar sveitarstjórnar **sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði** með bréfi, dags. 21. júlí 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 19. ágúst 1998. Þar kemur fram að sveitarstjórn hafi samþykkt fundargerðir umhverfis- og tækninefndar, dags. 30. júlí og 7. ágúst 1998. Í fundargerð umhverfis- og tækninefndar, dags. 7. ágúst 1998, segir m.a.:

„Umhverfis- og tækninefnd veur athygli á að skv. lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 skal fara fram mat á ofanflóðahættu á skipulögðum skíðasvæðum. Nefndin vill benda á að ekki liggur fyrir slíkt mat vegna skíðasvæðis í Tindastóli.“

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi, dags. 21. júlí 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 18. ágúst 1998. Þar segir m.a.:

„Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að votlendinu í Lambárbotnum [í botni Ytridals] verði ekki raskað og að tryggt verði að framkvæmdirnar hafi ekki áhrif á vatnsskipti í því. Þá verði þess gætt að halda jarðraski vegna framkvæmdanna að öllu leyti í lágmarki. Leitast verði við að halda lífrænu efni til haga meðan á framkvæmdum stendur og það síðan sett yfir raskað svæði að framkvæmdum loknum.“

Náttúruvernd ríkisins bendir að lokum á mikilvægi þess að raska eins litlu landsvæði og hægt er við framkvæmdina, bæði undir veg og skíðaaðstöðu. Um er að ræða fallegt og gróið svæði sem nýst getur til annarrar útivistar en skíðaiðkunar, s.s. gönguferða og berjatínslu, og má búast við aukinni umferð fólks á svæðinu allt árið um kring í kjölfar vegalagningarinnar.

Að öðru leyti gerir Náttúruvernd ríkisins ekki athugasemdir við framkvæmdina með þeim skilyrðum að jarðraski verði haldið í lágmarki og haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins um framkvæmdina og frágang vegna hennar.“

Leitað var umsagnar **Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra** með bréfi, dags. 21. júlí 1998 og barst fundargerð heilbrigðisnefndar dags. 13. ágúst 1998. Í fundargerðinni kemur fram að heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við framkvæmdina.

Leitað var umsagnar **Landgræðslu ríkisins** með bréfi, dags. 5. ágúst 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 17. ágúst 1998. Þar segir m.a.:

„Landgræðsla ríkisins gerir ekki athugasemdir við framkvæmdir við gerð skíðasvæðis. Landgræðslan vill þó benda á að fylgjast þarf vel með árangri og uppgræðslu í slóða sem gert er ráð fyrir að liggi meðfram möstrum og koma í veg fyrir úrrennsli sem þar kann að verða.“

Leitað var umsagnar **Náttúrufræðistofnunar Íslands** með bréfi, dags. 21. júlí 1998. Bréf barst frá Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 13. ágúst 1998. Þar kemur fram að Náttúrufræðistofnun muni ekki gefa umsögn um mat á umhverfisáhrifum skíðasvæðis í Tindastóli þar sem hún hafi þegar veitt álit sem matsskýrslan byggir á.

Leitað var umsagnar **Veðurstofu Íslands** með bréfi, dags. 7. ágúst 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 2. september 1998. Þar segir m.a.:

„Veðurstofan telur að kafla umhverfismatsins um hættumat geti ekki komið í stað mats Veðurstofunnar eins og lög og reglur gera ráð fyrir og nánar er lýst að neðan. Ekki hefur verið tekin afstaða til annarra efnisatriða umhverfismatsins en mats á ofanflóðahættu.

Veðurstofan vekur athygli á því að skv. 4 gr. laga nr. 49/1997 skal fara fram „mat á hættu á ofanflóðum“.....,á skipulögðum skíðasvæðum.“ Veðurstofa Íslands annast matið að beiðni hlutaðeigandi sveitarfélags. Í drögum að reglugerð um hættumat sem nú er unnið að í umhverfisráðuneytinu og bíða staðfestingar er áréttað að Veðurstofan skuli „annast mat á snjóflóðaaðstæðum á skipulögðum skíðasvæðum að beiðni viðkomandi sveitarstjórnar.“ Í reglugerð nr. 163/1998 um meðferð skipulagstillagna og veitingu byggingarleyfa í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu er enn fremur tiltekið að sé tillaga gerð að nýju eða breyttu deiliskipulagi, gerðar breytingar á staðfestu aðalskipulagi eða veitt byggingarleyfi á grundvelli gildandi deiliskipulags í sveitarfélögum skuli leita álits Skipulagsstofnunar sem aftur leitar álits Veðurstofunnar.“

3. ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd barst á kynningartíma.

4. UMHVERFISÁHRIF SKÍÐASVÆÐIS Í TINDASTÓLI, SKAGAFIRÐI

4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

4.1.1 Skíðasvæði

Samkvæmt frummatsskýrslu er fyrirhugað að byggja upp skíðasvæði í Ytridal í vestanverðum Tindastóli sem mun leysa af hólmi skíðasvæði ofan við Heiði í Tindastóli.

Skíðasvæðið verður staðsett í 440-700 m hæð yfir sjó. Gert er ráð fyrir skíðabrekku í austurhlíðum Ytridals þar sem reist verður lyftuhús og rúmlega 1 km löng diskalyfta með 13 möstrum. Lyftan mun geta flutt allt að 1200 manns á klst. á háannatímum.

Í vesturhlíð Ytridals er fyrirhugað að reisa skíðaskála og áhaldahús. Byggingarnar verða á tilbúnum hjalla við enda Tindastólsvegar í 451 m hæð yfir sjó. Við skíðaskálann er áætlað um 1200 m² bílastæði og annað 2000 m² stæði litlu neðar og verða þau malarborin. Í frummatsskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir að síðar verði hægt að setja upp barnalyftu í vesturhlíð dalsins en ákvörðun um þá framkvæmd liggur ekki fyrir. Gert er ráð fyrir akfærum slóða frá skíðaskála og áhaldahúsi að

lyftuhúsi og áfram upp með lyftustæðinu. Slóðanum verður lokað fyrir umferð þar sem hann liggur inn á bílastæði við skíðaskálann.

Áformað er að taka vatn úr lindum um 400 m sunnan við byggingarnar og plægja vatnslögnina í jörðu. Áformað er að fá rafmagn úr spennistöð austan Veðramóta við Skagaveg. Raflögnin verði plægð í jörðu um 4 km leið, upp í Skarðsdal, yfir Þröskuld, niður að spennistöð við skíðaskála og áfram upp með skíðalyftu. Rotþró með siturlögn verður komið fyrir við norðurenda neðra bílastæðis og lögð þaðan um 200 m skólplögn að skíðaskála. Fyrirhuguð aðkoma að svæðinu verður um Tindastólsveg sem liggur frá Skagavegi upp með Lambá og inn í Ytridal. Tindastólsvegur er ekki hluti af mati á umhverfisáhrifum skíðasvæðisins og eru umhverfisáhrif þeirrar framkvæmdar metin sérstaklega.

Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist haustið 1998 og verði lokið að mestu haustið 2000.

4.1.2 Efnistaka

Úr hlíðinni vestan skíðaskála og áhaldahúss er áætlað að skafa efni, alls um 5.000 m³, ofan af um 8.000-10.000 m² svæði til að byggja upp hjalla undir byggingar og efra bílastæði. Neðra bílastæðið verður myndað með því að jafna út melhól neðan vegar og verður ekki flutt efni að í það. Uppgreftri sem safnast fyrir vegna skíðamastra verður jafnað út meðfram skíðalyftu.

4.1.3 Aðrir kostir

Í frummatsskýrslu kemur fram að núverandi skíðasvæði Skagfirðinga er ofan við Heiði í Tindastóli. Vegna lítilla snjóalaga þar er ekki talið forsvaranlegt að leggja fjármagn í uppbyggingu þess.

4.2. ÁHRIF Á LANDSLAG OG JARÐMYNDANIR

Í frummatsskýrslu kemur fram að við fyrirhuguð bílastæði, skíðaskála, áhaldahús og skíðalyftu verði nokkuð jarðrask sem er ekki talið hafa áhrif á jarðmyndanir. Ekki verði hróflað við landi í fyrirhugaðri skíðabrekku nema þar sem grafa þurfi fyrir lyftumöstrum og plægja niður rafstreng. Leitast verði við að skila landi, að framkvæmdum loknum, í sem líkustu ástandi og það var í áður en framkvæmdir hófust.

Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á mikilvægi þess að jarðraski verði haldið í lágmarki og að haft verði samráð við stofnunina um framkvæmdina og frágang vegna hennar. Um sé að ræða fallett og gróið svæði sem nýst geti til annarrar útivistar en skíðaiðkunar, s.s. gönguferða og búast megi við aukinni umferð fólks á svæðinu árið um kring í kjölfar lagningar Tindastólsvegur.

4.3 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

Samkvæmt frummatsskýrslu er framkvæmdasvæðið nokkuð vel gróið neðantil en ofantil eru hálfberir melar með innan við 25% gróðurþekju. Sökum þess hve svæðið liggur hátt yfir sjó er gróður þar mjög viðkvæmur. Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands¹ kemur fram að byggingar verði reistar á grónu landi en lyftustæðið að mestu á

¹Fylgiskjal 3 með frummatsskýrslu

lítt grónu landi. Engar sjaldgæfar tegundir háplantna eða mosa hafi fundist á svæðinu. Þar sé hinsvegar að finna stórar og aflangar þúfur sem setji mikinn svip á gróðurfar í hlíðum Tindastóls og eru sjaldgæfar á landsvísu. Fram kemur að jarðvegur þúfnanna sé mjög viðkvæmur og varað er við þeirri rofhættu og jarðvegseyðingu sem geti orðið ef þýfðu landi í svo mikilli hæð yfir sjó er raskað.

Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands¹ kemur fram að í botni Ytridals sé áberandi gróskumikið votlendissvæði, fjallamýri, sem liggja að hluta innan væntanlegs framkvæmdasvæðis. Forðast ætti að nýta votlendið í botni Ytridals undir mannvirki, breyta útfalli úr því eða spilla á nokkurn hátt vegna sérstöðu þess hvað varðar landslag og gróðurfar. Eindregið er lagt til að gilið verði brúað eða sett í það ræsi og bílastæði og aðstöðuhús verði byggð austan við votlendið við lyftumannvirki. Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að votlendinu í botni Ytridals verði ekki raskað og að tryggt verði að framkvæmdirnar hafi ekki áhrif á vatnsskipti í því.

Í frummatsskýrslu kemur fram að helstu rök fyrir staðsetningu bílastæða og aðstöðu vestan votlendisins sé andstaða Vegagerðarinnar við að leggja Tindastólsveg yfir botn Ytridals vegna kostnaðar við vegagerð yfir gilið. Einnig sé ákoma í austurhlíð Ytridals mikil og hús þar myndu ekki ná upp úr snjó í venjulegu árferði og vegur yfir dalbotninn yrði snjóþungur. Vesturhlíðin sé gróðurlítill og framkvæmdir þar valdi litlum skemmdum á gróðri og hafi minni landslagsáhrif en austanmegin. Ennfremur kemur fram að vestanmegin verði skíðaskálinn í nánd við framtíðar staðsetningu barnaskíðalyftu, dalbotninn sé ákjósanlegur fyrir skíðagöngu og vegur yfir hann myndi skerða skipulag samgangna á svæðinu. Að lokum kemur fram að vegur þvert yfir dalbotninn, byggður upp úr snjó, hefði í för með sér meira jarðrask og mun meiri áhrif á umhverfið.

Í frummatsskýrslu kemur fram að fyrirhugaður vegslóði og raflögn frá áhaldahúsi að skíðalyftu muni liggja austur yfir mýrina í botni Ytridals. Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að lega slóða og rafstrengs milli skíðaskála og lyftu sé ráðgerð að mestu neðan við mýrina. Lega slóðans skaði mýrina lítið þar sem meginmýrin liggja ofar. Þó verði farið yfir smáfláka. Þar verði lagt um 15 cm malarlag sem muni síga í mýrina, en það sem eftir standi þegar byggingarframkvæmdum lýkur verði hreinsað upp. Skarðsdalslækur verði lagður í ræsi undir slóðann til þess að tryggja vatnsrennsli. Ræsið verði fjarlæggt eftir að lyftumöstrin hafa verið reist. Viðhaldsvinna verði að heita má alfarið yfir vetrartímann þegar snjór liggur yfir svæðinu og verði slóðinn ekki notaður eftir að byggingu mastra og lyftuskúrs er lokið. Þurfi síðar meiriháttar viðgerðir eða viðbætur muni slóðinn verða endurbættur og farið eins að þegar verki lýkur. Girt verði fyrir slóðann þar sem hann kemur að vegi. Kannanir á snjóalögum í Ytridal bendi til þess að þau séu þykkust í dalbotninum og að snjór sé í honum fram á vor. Umferð snjótrodara verði beint á ákveðna merkta leið yfir dalbotninn, eins neðarlega og fært þykir.

Náttúrufræðistofnun Íslands¹ bendir á að framkvæmdasvæðið sé í mikilli hæð yfir sjó, gróður sé viðkvæmur fyrir raski og ljóst að öll sár sem myndist í gróðursvörðinn vegna framkvæmda lokist seint og skapi hættu á vatnsrofi.

Í frummatsskýrslu kemur fram að til þess að draga úr áhrifum á viðkvæman gróður verði framkvæmdum beint á þurrasta tíma sumars, júlí og ágúst. Umferð vinnuvéla um gróin svæði verði takmörkuð við slóða á vinnusvæði. Leitast verði við að halda til haga lífrænu efni af efnistökusvæðum og nýta við frágang. Um ári eftir að framkvæmdum lýkur verði sáð grasblöndu í vel gróin svæði sem raskast.

Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að leitast verði við að halda lífrænu efni til haga. Landgræðsla ríkisins bendir á að fylgjast þurfi vel með árangri uppgræðslu í slóða sem gert er ráð fyrir að liggi meðfram möstrum og koma í veg fyrir úrrennsli sem þar kunni að verða.

Samkvæmt frummatsskýrslu telst fuglalíf ekki vera einstætt á landsvísu. Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands¹ um fuglalíf á svæðinu er bent á að búsvæði fugla séu viðkvæm í mikilli hæð yfir sjó, sumarið sé stutt og varptími fugla og vaxtatími plantna skammur.

4.4 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta aðstöðu Skagfirðinga til skíðaiðkunar, auk þess sem gera megi ráð fyrir að nýr vegur og aðstaða í Ytridal auki umferð fólks um svæðið til útivistar allan ársins hring.

Í frummatsskýrslu kemur fram að ekki eru til neinar formlegar snjómælingar í austurhlíð Ytridals og ekki hefur farið fram úttekt á náttúrfarslegum ógnum á svæðinu. Mikil úrkoma er í Tindastóli. Sökum legu Ytridals er hann í vari fyrir norðan og norðaustanátt og snjósöfnun á svæðinu er því mikil í hægviðri og skefur ekki burt.

Umhverfis- og tækninefnd sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði vekur athygli á að samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum skuli fara fram mat á ofanflóðahættu á skipulögðum skíðasvæðum og að slíkt mat liggi ekki fyrir vegna skíðasvæðis í Tindastóli. Veðurstofa Íslands tekur undir álit umhverfis- og tækninefndar og bendir á að umfjöllun um hættumat í frummatsskýrslu geti ekki komið í stað mats stofnunarinnar. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum skuli Veðurstofa Íslands, að beiðni hlutaðeigandi sveitarfélags, meta hættu á ofanflóðum á skipulögðum skíðasvæðum.

5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Sameinað sveitarfélag í Skagafirði hefur tilkynnt til frumathugunar uppbyggingu skíðasvæðis í Ytridal í Tindastóli í Skagafirði. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta aðstöðu Skagfirðinga til skíðaiðkunar.

Fyrirhuguð uppbygging skíðasvæðis í Ytridal hefur í för með sér jarðrask á ósnortnu svæði og áhrif á landslag og gróðurfar í Ytridal. Skíðasvæðið liggur hátt yfir sjó og er

¹ Fylgiskjal 1 með frummatsskýrslu Tindastólsvegar

hætta á rofi og jarðvegseyðingu í kjölfar framkvæmdanna. Innan framkvæmdasvæðisins í botni Ytridal er sérstætt gróðurfar og gróskumikil fjallamyri sem hætta er á að raskist.

Uppbygging skíðasvæðis í Ytridal ásamt aðkomuvegi eykur möguleika til útivistar í Tindastóli sumar sem vetur.

Fallist er á rök framkvæmdaraðila um að sá kostur að staðsetja mannvirki austanmegin í Ytridal sé síðri en fyrirbyggjandi tillaga þar sem hann kallaði á lagningu uppbyggðs vegar yfir dalbotninn sem hefði í för með sér meiri kostnað, jarðrask og landslagsáhrif og snjóþyngsli á vegi og við skíðaskála yrðu mun meiri. Sú staðsetning félli einnig illa að þróun og skipulagi skíðasvæðisins.

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna og svörum framkvæmdaraðila við þeim er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð uppbygging skíðasvæðis í Ytridal í Tindastóli í Skagafirði muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag enda verði beitt eftirfarandi vinnureglum, varúðarráðstöfunum og mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til í frummatsskýrslu og svörum framkvæmdaraðila:

- Framkvæmdum verði beint á þurrasta tíma sumars og jarðraski á framkvæmdatíma verði haldið í lágmarki þannig að ekki verði aukin hætta á rofi og jarðvegseyðingu að framkvæmdum loknum. Ekki verði hróflað við hlíðinni í austanverðum Ytridal nema þar sem grafa þurfi fyrir lyftumöstrum og plægja niður rafstreng. Umferð vinnuvéla verði takmörkuð við fyrirfram ákveðna slóða á vinnusvæði.
- Sérstakrar varúðar verði gætt við lagningu vegslóða, raflagnar og vatnslagnar og verði þessum hluta framkvæmdanna beint frá votlendissvæðinu í botni Ytridals eins og framast er kostur jafnframt því að vatnsskipti í mýrinni verði tryggð. Í lok framkvæmdatíma verði ummerki slóðagerðarinnar fjarlægð og girt fyrir aðkomu að þeim við skíðaskála. Á rekstartíma skíðasvæðisins verði umferð snjótroðara beint á merкта slóð í dalbotninum.
- Við framkvæmdir verði jarðvegi haldið til haga til að flýta fyrir uppgræðslu. Um ári eftir að framkvæmdum lýkur verði sáð í efnistökuástandinu, slóðina meðfram skíðalyftunni og í vel gróin svæði sem verður raskað. Leitast verði við að skila landi að framkvæmdum loknum í sem líkustu ástandi og það var í áður en þær hófust.

Auk þess verði haft samráð við Náttúruvernd ríkisins um tilhögun framkvæmda og frágang að framkvæmdum loknum.

Uppbygging skíðasvæðis í Ytridal í Tindastóli er fyrirhuguð á óskipulögðu svæði. Tillaga að deiliskipulagi skíðasvæðisins var auglýst samhliða mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir við uppbyggingu skíðasvæðisins eru leyfisskyldar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.br.. Áður en gengið verður frá deiliskipulagi svæðisins og leyfi veitt til framkvæmda þarf mat á hættu á ofanflóðum á svæðinu að liggja fyrir samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 8. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á fyrirhugaða uppbyggingu skíðasvæðis í Ytridal í Tindastóli í Skagafirði eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu og viðbótargögnum framkvæmdaraðila með því skilyrði að samráð verði haft við Náttúruvernd ríkisins um tilhögun framkvæmda og frágang að framkvæmdum loknum.

7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. október 1998.

Reykjavík, 23. september 1998

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Hólmfríður Sigurðardóttir